



Þverfræðilegt diplómanám í kynfræði (Sexology) 30 ECTS

Nám í kynfræði er þverfræðilegt nám á meistarastigi. Námið er í samstarfi tveggja deilda Háskóla Íslands, Hjúkrunarfræðideildar og Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar. Hvert námskeið er sjálfstætt en öll saman geta þau myndað séráherslu í meistaranámi, samkvæmt reglum hversrar deildar. Hvert námskeið er til 10 ECTS eininga. Eitt námskeið á hverri önn og nær námið í heild sinni yfir þrjár annir. Hægt er að taka öll námskeiðin sem heild en einnig stök námskeið. Að jafnaði er kennt á íslensku en á ensku þegar um erlenda gestakennara er að ræða.

Aðgangskröfur

Nemendur skulu hafa lokið BS, BA eða BEd námi. Lágmarkseinkunn er 7,25. Námið er ætlað fagfólki innan heilbrigðis-, uppeldis- og félagsvísinda, s.s. félagsfræðingum, félagsráðgjöfum, guðfræðingum, hjúkrunarfræðingum, kennurum, kynjafræðingum, læknum, mannfræðingum og sálfræðingum.

Umsjónardeild

Hjúkrunarfræðideild HÍ

Umsjón með náminu

Sóley S. Bender, prófessor (ssb@hi.is)

Námsnefnd

Sóley S. Bender, prófessor (ssb@hi.is)

Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor (solanna@hi.is)

Upplýsingar um námið

Fjallað er um námið á heimasíðu Háskóla Íslands undir þverfræðilegt nám:

http://www.hi.is/hjukrunarfraedideild/vidbotardiploma_i_kynfraedi

Meginmarkmið

Meginmarkmið náms í kynfræði eru að nemendur:

- Öðlist fræðilega þekkingu á hugtökum, hugmyndafræði, kenningum, viðfangsefnum og aðferðum kynfræða.
- Kynnist nýjustu rannsóknnum um kynheilbrigðismál.
- Geti nýtt fræðilega þekkingu sína og skilning á kynfræði ásamt tjáskiptafærni í faglegri nálgun í starfi.
- Búi yfir þekkingu og færni til að fræða skjólstæðinga og aðra um kynlíf.
- Hafi víðtæka vitneskju um vandamál og viðfangsefni, fræðileg sem hagnýt, byggð á nýjustu rannsóknnum í kynfræði.
- Geri sér grein fyrir eigin gildismati og viðhorfum til kynferðismála.
- Geti áttað sig á nýjungum og þróun á sviði kynfræða sem byggist á vísindalegum grunni.

Námskeið

Haust 2019

HJÚ128F Kroppurinn, kynlíf og kynheilsa.

Umsjón: Sóley S. Bender, prófessor

Vor 2020

HJÚ0AAF Kynhegðun mannsins.

Umsjón: Sóley S. Bender, prófessor

Haust 2020

GFR603M Kynverund, siðfræði og samfélag.

Umsjón: Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor

HJÚ128F Kroppurinn, kynlíf og kynheilsa 10 ECTS

Námskeiðið fjallar um þrjú meginþætti sem eru a) hugmyndafræði kynheilbrigðis (e. sexual- and reproductive health), b) kynferðisþroski (e. sexual development) og kynheilbrigði mannsins yfir æviskeiðið og c) forvarnir og heilbrigðishvatningu. Farið er í hugmyndafræðilega þætti kynheilbrigðis og atriði sem stuðla að kynferðislega heilbrigðu samfélagi. Lögð er áhersla á kynferðisþroska mannsins yfir æviskeiðið, kynheilbrigði hans og áhrifaþætti. Skoðað er samspil líkama, sálar og tilfinninga mannsins út frá skynjun hans á sjálfum sér sem kynveru og hæfni hans til að mynda náið kynferðislegt samband. Gerð er grein fyrir leiðum sem stuðla að kynheilbrigði mannsins einkum út frá fræðslu og ráðgjöf á þessu sviði.

HJÚ0AAF Kynhegðun mannsins 10 ECTS

Námskeiðið fjallar um kynhegðun mannsins og þess margbreytileika sem einkennir kynlíf hans. Varpað er ljósi á kynhegðun mannsins og vandamál á því sviði út frá sálrænu, félagslegu, líkamlegu en jafnframt menningarlegu sjónarhorni. Gerð er grein fyrir helstu kynlífsvandamálum karla og kvenna, farið í helstu sjúkdóma og lyf sem geta haft áhrif á kynhegðun og gefin klínísk dæmi. Fjallað er um viðhorf til kynlífs aldraðra og hvaða breytingar verða á kynhegðun við hækkandi aldur. Skoðað er hvernig andleg og líkamleg fötlun getur haft áhrif á kynlíf fólks. Farið er í kynferðislegt ofbeldi, kynlíf sem markaðsvöru (vændi, klám) og óhefðbundið kynlíf (paraphilia).

GFR603M Kynverund, siðfræði og samfélag 10 ECTS

Námskeiðið leitar svara við því hvernig vestræn menning og gyðing-kristin trúarbrögð hafa mótað samtímahugmyndir um kynverund mannsins (e. human sexuality) og kynlíf (e. sex). Nálgunin er í senn hugmyndasöguleg, kynjafræðileg, trúarbragðafræðileg, menningarfræðileg og siðfræðileg. Fjallað verður um kenningar um kynverund og kynlíf, siðfræði kynlífs, mannréttindi og baráttu frjálsra félagasamtaka fyrir kynverundarréttindum (e. sexual rights). Rýnt verður í skýrslur og yfirlýsingar alþjóðlegra stofnana og frjálsra félagasamtaka um kynverund, kynheilsu, kynverundarréttindi og þróun á 21.öldinni.

Nánari upplýsingar

Elín Helgadóttir, verkefnisstjóri framhaldsnáms, s. 525 4910, elinh@hi.is

Birt með fyrirvara um breytingar

Mars 2019